


Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. desember 2008
Tilvísun: UST20081000127/ksj

Pappírsverksmiðja við Hellisheiðarvirkjun, frekari upplýsingar um framkvæmdina

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dagsett 18. nóvember sl. þar sem óskað er frekari umsagnar um pappírsverksmiðju við Hellisheiðarvirkjun. Umhverfisstofnun hafði veitt umsögn þann 14. nóvember sl. þar sem óskað var frekari upplýsinga um framkvæmdina svo hægt væri að veita umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í framangreindum lögum.

Í fyrri umsögn lagði Umhverfisstofnun áherslu á frekari upplýsingar hvað varðar magn rykagna frá framleiðslu sem færði útblástur og svo niðurbrot þeirra við aðstæður sem eru á þeim stað sem áætlað er að reisa pappírsverksmiðjuna.

Einnig lagði Umhverfisstofnun áherslu á að gerð væri grein fyrir frágangi settjarnar og því magni svokallaðra hjálparefna sem færði með frárennsli í settjörn og þaðan um leysingafarveg sem liggur að votlendissvæði norðan framkvæmdasvæðis. Í nágrenni fyrrgreinds votlendissvæðis er vatnsverndarsvæði III fjarsvæði.

Útblástur, úrgangur

Í þeim frekari upplýsingum um væntanlega pappírsverksmiðju á Hellisheiði og starfsemi hennar sem borist hafa kemur fram að agnir sem fara með útblæstri frá verksmiðjunni eru afar fingerðar og brotna auðveldlega niður. Einnig er fullyrt að hvorki bindiefni né hleypir sem eru svokölluð hjálparefni og innihalda efni sem eru hættuleg náttúrunni, fari ekki með útblæstri, heldur fylgi pappírnum að mestu og fari að litlu leyti í úrgangsmassa eða 100 grómm af bindiefni og 1 kg af hleypí í 1,5 tonn af úrgangi.

Settjörn

Í ýtarlegri upplýsingum gerir framkvæmdaaðili að nokkru grein fyrir frágangi settjarnar þ.e. að undir dúk í botni tjarnar verði þjappað undirlag. Einnig kemur fram í bréfi framkvæmdaaðila að botn tjarnarinnar hafi ekki verið endanlega hannaður. Framkvæmdaaðili fullyrðir að vatn frá settjörn muni skila vatnsgæðum sem eru undir skilyrðum reglugerðar nr. 796/1999.

Starfsleyfi

Umhverfisstofnun bendir á að viðkomandi starfsemi er starfsleyfisskyld og eðlilegt sé að setja í starfsleyfi kröfur um hreinsun tjarnar, vöktun á efnainnihaldi vatns er streymir frá tjörninni sem og viðbrögð ef með þarf. Einnig skuli setja kröfur um að fylgst verði með niðurbroti trefja sem berast út í umhverfið með útblæstri í starfsleyfi.

Í ljósi ofanritaðs telur Umhverfisstofnun að ofangreind framkvæmd muni ekki hafa verulega neikvæð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri